



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

27. september 2021

Mál nr.	E-6078/2020:
Stefnandi:	eCommerce 2020 ApS <i>(Ingvar S. Birgisson lögmaður)</i>
Stefndu:	Breki Karlsson og Neytendasamtökin <i>(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)</i>
Dómari:	Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

# Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, mánudaginn 27. september 2021, í máli nr. E-6078/2020:

**eCommerce 2020 ApS**

*(Ingvar S. Birgisson lögmaður)*

**gegn**

**Breka Karlssyni og Neytendasamtökunum**

*(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)*

Þetta mál höfðar eCommerce 2020 ApS, fyrirtækisnúmer (cvr.) 38073532, Havnegade 39, Kaupmannahöfn, Danmörku, með stefnu birtri 18. september 2020 á hendur Breka Karlssyni, kt. [...], [...], Reykjavík og Neytendasamtökunum, kt. 480269-0599, Hverfisgötu 105, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að ummæli stefnda, Breka Karlssonar, tilgreind í stafliðum a-d, sem birtust í tölvuskeyti hans til Quickpay ApS, 6. ágúst 2020 og Clearhaus A/S, 20. ágúst 2020, verði dæmd dauð og ómerk:

- a) „Supposedly the withdrawals are to cover payday loan debts, although the loans have been deemed illegal in Iceland.“
- b) „The withdrawals are made on behalf of a company named Ecommerce 2020 aps whose only operation is illegal predatory lending.“
- c) „These loans have been ruled illegal in Iceland by both courts and the Consumer surveillance agency.“
- d) „We understand that these transactions are made available via Quickpay, and therefore The Consumer Association of Iceland seeks your assistance to terminate these illegal transfers.“

Stefnandi krefst þess jafnframt að stefndu, Breki Karlsson og Neytendasamtökin, verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt (in solidum) 1.500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 24. október 2020 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess til vara að viðurkennd verði óskipt (in solidum) skaðabótaskylda stefndu vegna ummæla sem eru tilgreind í stafliðum a til d í aðalkröfu.

Þá er þess krafist að stefndu greiði stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum dómkröfum stefnanda.

Þau krefjast málskostnaðar úr hendi stefnanda svo og álags á málskostnað.

## Málsatvik

Stefnandi er félag sem veitir neytendalán og hóf starfsemi sína árið 2017. Félagið er danskt og er heimilisfesti þess skráð í Kaupmannahöfn, Danmörku. Félagið hefur skrifstofu þar í borg og tilskilin leyfi hjá danska fjármálaeftirlitinu. Félagið bauð í upphafi dönskum ríkisborgurum upp á neytendalán en ákvað síðar að færa starfsemi sína út til Íslands.

Síðastliðinn rúman áratug hafa svokölluð smálán verið veitt íslenskum neytendum. Oftast nær eru lánaðar í fjarsölu, lágar fjárhæðir, í skamman tíma með háum vöxtum. Með setningu laga nr. 33/2013 var lögfest að kostnaður af lánum mætti ekki vera hærrí en tiltekinn hundradshluti af lánsfjárhæðinni.

Eftir að lögin tóku gildi tók Neytendastofa til skoðunar lánveitingar þeirra fyrirtækja sem veittu lán með hærrí vöxtum og kostnaði en lögin leyfðu og tók allmargar ákvarðanir þar sem talið var að svonefnd smálánafyrirtæki hefðu brotið gegn fyrirmælum laga við veitingu lánanna.

Stefnandi keypti árið 2017 rekstur nokkurra íslenska fyrirtækja sem veittu smálán, nánar tiltekið hluta af rekstri Hraðpeninga, 1909, Smálán og Múlalán. Þá átti stefnanda tékkneskur ríkisborgari, Ondrej Smakal, sem hefur reynslu af lánastarfsemi í Tékklandi. Stefnandi hafði því starfsstöðvar bæði í Kaupmannahöfn og Prag. Starfsemi félagsins fór að nær öllu leyti fram á veraldarvefnum eins og nafn þess vísar til. Að sögn stefnanda hefur fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri margvíslegan ábata af því að rekstur þess sé háður einu lagaumhverfi fremur en mörgum og var því ákveðið að neytendalán félagsins yrðu öll háð dönskum lögum, án tillits til þess hvort viðskiptavinurinn væri danskur eða íslenskur. Nýjasta tilskipun Evrópusambandsins, nr. 2008/48/EC, um neytendalán hafi verið leidd bæði í íslenskan og danskan rétt. Að sögn stefnanda var talið að íslenskir neytendur nytu sambærilegrar verndar, hvort sem íslensk lög giltu um samningana eða dönsk lög. Með 26. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán sé hins vegar sett hámark á þann kostnað sem þeim sem veita neytendalán er heimilt að leggja á lán innan tiltekins árs. Í dönskum lögum um neytendalán sé ekki sambærilegt ákvæði. Af þessum sökum var kostnaður lána félagsins hærrí en 26. gr. laga nr. 33/2013 gerði ráð fyrir, en þó að öllu leyti innan marka danskra laga um neytendalán.

Í maí 2019 hóf Neytendastofa gagnaöflun vegna rannsóknar sinnar á lánum sem stefnandi hafði veitt fram að þeim tíma. Þá ákvað þáverandi eigandi félagsins að lækka kostnað af lánum sem félagið veitti þannig að kostnaður yrði innan marka 26. gr. laga nr. 33/2013, þótt dönsk lög giltu áfram um samninga. Að sögn stefnanda voru öll ógreidd lán endurreiknuð til lækkunar til samræmis við íslenska ákvæðið. Athugun Neytendastofu lauk með því að stofnunin birti í lok ágúst 2019 ákvörðun nr. 31/2019. Í henni voru gerðar athugasemdir við lánasamninga félagsins sem voru gerðir fyrir

maí 2019, með tilliti til lántökukostnaðar og framsetningar á upplýsingum til neytenda. Það sem skipti þó mestu og var grundvöllur ákvörðunarinnar var að Neytendastofa taldi að í ákveðnum tilvikum gætu íslensk lög um neytendalán, að því leyti sem þau gengju framur þeim dönsku, verið virk í samningssambandi stefnanda við viðskiptavini sína. Ákvörðunin hafi þó haft lítil áhrif á rekstur stefnanda enda hafi hann uppfært samninga félagsins til samræmis við kröfur Neytendastofu, áður en ákvörðunin var birt. Að sögn stefnanda veitti hann, eftir maímánuð 2019 einungis lán sem stóðust kröfur íslenskra neytendalánalaga og hafði einvörðungu til innheimtu lán sem stóðust kröfur sömu laga.

Sumarið 2019 birtust fréttir um þessa breytingu á kostnaði af nýjum lánnum og endurreikningi eldri lána. Breytingin var einnig staðfest í ákvörðun Neytendastofu.

Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti ákvörðun Neytendastofu með úrskurði 29. apríl 2020.

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök sem voru stofnuð árið 1953. Þau hafa frá upphafi gætt hagsmuna neytenda og talað máli þeirra, séð til þess að neytendur njóti sannmælis í viðskiptum, veitt þeim upplýsingar um verð og gæði vöru og þjónustu, og aðstoðað félagsmenn við að ná fram rétti sínum hafi þeir þurft þess með. Samtökin beita sér bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi fyrir hagsmunum neytenda.

Stefndi, Breki Karlsson, er formaður stjórnar Neytendasamtakanna. Formaðurinn er andlit samtakanna og talsmaður þeirra út á við. Hann starfar með framkvæmdastjóra að daglegri hagsmunagæslu félagsmanna samtakanna og vinnur að framgangi stefnumála þeirra.

Að sögn stefndu hafa Neytendasamtökin, allt frá því smálán birtust fyrst á markaði árið 2008, haldið því fram að þau væru ólögmet og brytu í bága við lög og reglur, sem og endurgreiðslufyrirkomulag lánanna og innheimta.

Eins og áður segir birti Neytendastofa ákvörðun í máli nr. 31/2019 í lok ágúst 2019. Ári síðar, 6. og 20. ágúst 2020, sendi stefndi Breki tveimur samstarfsfyrirtækjum stefnanda, greiðsluþjónustuveitandanum Quickpay ApS og færsluhirðinum Clearhaus A/S, tölvuskeyti með þeim ummælum sem stefnandi vill fá ómerkt. Að sögn stefnanda veita félögin honum mikilvæga hugbúnaðarþjónustu er lýtur að sjálfvirkri skuldfærslu greiðslukorta. Að sögn stefnanda ollu tölvuskeytin honum verulegum vandræðum í samstarfi við þessi fyrirtæki og hafi stefnt samstarfi við þau í hættu. Stefnanda hafi því verið nauðugur sá kostur að leita sér aðstoðar lögmannna til þess að útskýra stöðuna fyrir samstarfsfyrirtækjunum og þannig takmarka tjón sitt af meiðandi fullyrðingum stefnda Breka.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda Breka bréf 24. ágúst 2020 þar sem þess var óskað að hann leiðrétti tölvuskeytin, bæðist afsökunar og viðurkenndi skaðabóta-skyldu.

Að mati stefndu voru ummælin í samræmi við þá afstöðu sem samtökin hafi haft frá upphafi að þessi starfsemi smálánafyrirtækja og innheimta stefnanda á smálánnum, sé ólögmæt. Stefndu telji að þau smálán sem stefnandi veitti eftir ákvörðun Neytendastofu hafi ekki verið síður ólögmæt en þau sem hann hafði áður veitt og margítrekað höfðu verið úrskurðuð ólögmæt og að einnig þyrfti að stöðva innheimtu eldri ólögmætra lána.

Stefnandi telur sig nauðbeygðan til þess að höfða málið þar eð stefndu hafi ekki svarað bréfi hans frá 24. ágúst 2020.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

#### Aðild.

Stefnandi áréttar að hann stefni Breka Karlssyni til varnar í málinu sem höfundi tölvuskeytanna og þeirra ummæla sem stefnandi krefjist að verði ómerkt. Á honum hvíli skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda, enda hafi hann valdið stefnanda tjóni á saknæman og ólögmætan hátt. Aðild stefnda Neytendasamtakanna byggir stefnandi á því að samtökin beri einnig skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda, ásamt stefnda Breka, enda hafi stefndi Breki komið fram í nafni samtakanna í hinum umdeildu tölvuskeytum. Hann hafi ritað undir tölvuskeytin sem formaður stjórnar samtakanna og fyrir hönd þeirra. Á því beri Neytendasamtökin ábyrgð á grundvelli reglunnar um húsbóndaábyrgð, þ.e. á saknæmum og ólögmætum gjörðum stjórnarformanns síns, sem fari fram undir gunnfána samtakanna.

#### Hin ærumeiðandi og skaðabótaskyldu ummæli

Stefnandi krefst skaðabóta vegna ummæla stefndu sem voru rituð í tveimur nánast samhljóða tölvuskeytum og sem voru send dönsku fyrirtækjunum Quickpay ApS og Clearhaus A/S, það fyrra 6. ágúst 2020 og það síðara 20. ágúst sama ár. Stefndi telur að tilgreind ummæli stefnda hafi verið ærumeiðandi, til þess fallin að valda honum álitshnekki og að í þeim felist brot gegn ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og rakið verði:

- a) „Supposedly the withdrawals are to cover payday loan debts, although the loans have been deemed illegal in Iceland.“

Stefnandi telur að í þessum ummælum felist staðhæfing um staðreyndir þar sem stefndi fullyrði að stefnandi standi að því að veita og innheimta lán sem dæmd hafi verið ólögleg á Íslandi. Með ummælum sínum staðhæfi stefndi Breki að stefnandi

brjóti lög í starfsemi sinni og haldi því áfram gegn betri vitund. Ummælin séu móðgandi og meiðandi fyrir stefnanda, sbr. 234. gr. laga nr. 19/1940 og í þeim felist aðdróttun, sbr. 235. gr. sömu laga.

- b) „The withdrawals are made on behalf of a company named Ecommerce 2020 aps whose only operation is illegal predatory lending.“

Að mati stefnandi felist í ummælum b-liðar fullyrðing stefnda Breka um að starfsemi stefnanda sé í senn ólögmat og byggist á okurlánaum. Einnig megi túlka orðið „predatory“ svo að í viðskiptaháttum stefnanda felist misneyting á neytendum. Þetta séu sérstaklega meiðandi ummæli sem séu fallin til þess að skaða orðspor stefnanda hjá þeim samstarfsfyrirtækjum sem fengu tölvuskeyti stefnda Breka, sbr. 234. gr. laga nr. 19/1940 og í þeim felist aðdróttun sbr. 235. gr. sömu laga.

- c) „These loans have been ruled illegal in Iceland by both courts and the Consumer surveillance agency.“

Stefnandi telur að í þessum ummælum felist sú fullyrðing að lán stefnanda hafi verið úrskurðuð ólögmat í Íslandi, bæði af dómstólum og Neytendastofu. Með tilvísun til „þessara lána“ megi ætla að stefndi Breki vísi til þeirra lána sem Quickpay ApS og Clearhaus A/S veiti stefnanda stoðþjónustu vegna. Öll lán sem stefnandi hafi til innheimtu séu í samræmi við íslensk lög um neytendalán og þetta sé því röng og verulega meiðandi staðhæfing.

Því sé enn fremur ranglega haldið fram að dómstólar hafi dæmt lán stefnanda ólögmat. Hið rétta sé að lán stefnanda hafi ekki komið til kasta dómstóla og því sé þessi fullyrðing stefnda Breka röng. Ummælin séu móðgandi og meiðandi fyrir stefnanda, sbr. 234. gr. laga nr. 19/1940, og hafi falið í sér aðdróttun, sbr. 235. gr. sömu laga.

- d) „We understand that these transactions are made available via Quickpay, and therefore The Consumer Association of Iceland seeks your assistance to terminate these illegal transfers.“

Stefnandi telur að í ummælum d-liðar sé fullyrt ranglega að greiðslur sem Quickpay ApS hafi aðstoðað stefnanda við að millifæra séu ólögmatar. Þessi fullyrðing sé með öllu órökstudd. Hún sé móðgandi og meiðandi fyrir stefnanda, sbr. 234. gr. laga nr. 19/1940 og í henni felist aðdróttun, sbr. 235. gr. sömu laga.

Í staflíðum a til d sé gengið út frá þeirri forsendu að lán stefnanda séu ólögmat. Eins og fyrr segi hafi öll útistandandi lán stefnanda verið endurreiknuð í maí 2019 og kostnaður af þeim lækkaður til þess að hann samræmdist kröfum 26. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán. Allur kostnaður af töku lána sem voru veitt eftir maí 2019 hafi enn fremur verið innan krafna ákvæðisins. Þannig sé ljóst að öll lán stefnanda sem séu til innheimtu séu lögmat. Það sé markmið stefnda Breka að stöðva eða

torvelda innheimtu þeirra og hann hafi beitt fyrir sig röngum og meiðandi aðdróttunum til þess að ná því fram. Það hafi valdið stefnanda tjóni sem stefndu beri að bæta.

Stefnda Breka hafi hlotið að vera ljóst að hann færi með rangt mál í tölvuskeytunum en hafi, gegn betri vitund, kosið að setja fram ærumeiðandi aðdróttanir gagnvart stefnanda, án þess að skeyta um sannleiksgildi ummællanna, að því er virðist í þeim eina tilgangi að valda stefnanda tjóni og spilla fyrir samningssambandi stefnanda við samstarfsaðila sína.

Fram hafi komið í fréttum, meðal annars fréttum þar sem fulltrúar stefnda Neytendasamtakanna séu viðmælendur, að lánnum stefnanda hafi verið breytt til samræmis við íslensk lög um neytendalán og séu þar með lögmæt. Í því sambandi vegi þyngst, að í ákvörðun Neytendastofu nr. 31/2019, sem stefndi Breki hafi raunar vitnað til í tölvuskeytunum, segi orðrétt um lán stefnanda eftir maí 2019:

Samkvæmt gögnum málsins gerði félagið breytingu á viðskiptamódeli sínu eftir að gagnaöflun Neytendastofu hófst sem fólst m.a. í því að kostnaður af lánnum var lækkaður verulega. Af gögnunum er ljóst að kostnaður við lántöku nemur nú fjárhæð sem gefur árlega hlutfallstölu kostnaðar undir lögbundnu hámarki samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013. Skoðun Neytendastofu hefur einnig leitt í ljós að við lántöku og gerð lánsamnings eru neytendur ekki krafðir um viðbótargjöld, tengdan kostnað eða annað sem taka skal tillit til við útreikning heildarlántökukostnaðar og árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Neytendastofa telur því ekki tilefni til athugasemda við fjárhæð kostnaðar eða útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar við lánveitingar Ecommerce 2020 eins og útreikningunum er nú háttáð samkvæmt gögnum sem lögð hafa verið fram.

Með vísan til framangreinds sé bersýnilegt að fullyrðingar stefnda Breka séu rangar og fari gegn betri vitund hans. Fullyrðingar hans hafi því verið fallnar til þess að valda stefnanda tjóni og vega að orðspori félagsins.

Stefnandi dragi ekki fjöður yfir þá staðreynd að Neytendastofa hafi talið að tiltekin lán stefnanda stæðust ekki kröfur íslenskra laga um neytendalán í ákvörðun nr. 31/2019. Lánnum stefnanda hafi verið breytt í maí 2019 áður en ákvörðunin birtist og öll útistandandi lán hafi verið endurreiknuð til lækkunar. Stefnda Breka sé heimilt að gagnrýna þau lán félagsins sem voru ófullnægjandi, en hann geti ekki um aldur og ævi fullyrt að öll lán félagsins séu ólögmæt, þegar þau séu það bersýnilega ekki.

Ummæli stefnda Breka séu skólabókardæmi um ummæli sem brjóti gegn 234. gr., sbr. 235. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda hafi ummælin meitt æru stefnanda og séu bersýnilega röng.

Stefndi Breki hafi, í nafni stefnda Neytendasamtakanna, valdið stefnanda tjóni með röngum og meiðandi ummælum. Bein orsakatengsl séu milli þeirra og þess tjóns sem stefnandi hafi hlotið og tjónið sé bersýnilega sennileg afleiðing af ummælunum. Gjörðir stefnda Breka uppfylli því öll skilyrði fyrir því að skaðabótaskylda sé fyrir

hendi á grundvelli sakarreglu og ber stefndu að bæta það tjón sem stefnandi varð fyrir.

Stefnandi krefst þess enn fremur að stefndu greiði stefnanda miskabætur vegna ummælanna og byggir sú krafa á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í ummælunum hafi falist ólögmat meingerð gegn æru stefnanda, eins og rakið hafi verið, sem hafi bersýnilega verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

#### Fjárhæð tjóns

Stefnandi krefst miskabóta að fjárhæð 1.000.000 kr. vegna tjóns á orðspori hans sem hin bótaskyldu ummæli hafi valdið honum. Krafan byggist á því að í ummælunum hafi falist ólögmat meingerð gegn orðspori stefnanda, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fjárhæðin sé hófleg að teknu tilliti til grófra ásakana stefndu.

#### Ómerkingarkrafa

Stefnandi byggir kröfu sína um ómerkingu ummæla í staflidum a til d á því að í ummælunum hafi falist rangar og meiðandi aðdróttanir í garð stefnanda. Umræddar staðhæfingar séu með öllu ósannar og stefndi hafi hvorki leitast við að færa sönnur á þær né leiðréttá þær. Ekki verði annað séð en að ummælin hafi einungis haft þann tilgang að varpa rýrð á orðspor stefnanda og skaða tengsl félagsins við samstarfsfyrirtæki. Ómerkingarkrafa stefnanda styðjist við 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um ósannindi staðhæfinga stefnda Breka sé vísað til umfjöllunar um skaðabótakröfu stefnanda.

#### Krafa um greiðslu kostnaðar við birtingu

Stefnandi krefst 500.000 kr. vegna kostnaðar við birtingu dómsins í fjölmiðlum. Krafan styðst við 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga og með henni vill stefnandi rétta hlut sinn. Fjárhæð kröfunnar sé miðuð við algengan kostnað við birtingu greinar eða auglýsingar á áberandi stað í dagblaði, en ellegar er þess krafist að dómari meti birtingarkostnað að álitum.

#### Vaxtakrafa

Krafa stefnanda um dráttarvexti styðst við 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafist er dráttarvaxta að liðnum einum mánuði frá þingfestingu málsins.

#### Varakrafa

Varðandi varakröfu vísar stefnandi til fyrrgreinds rökstuðnings að breyttu breytanda. Varakrafa stefnanda styðst við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð



einkamála. Öll skilyrði fyrir skaðabótaskyldu séu fyrir hendi, vegna ólögmetra gjörða stefndu sem hafi valdið stefnanda tjóni.

Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um aðild stefndu. Heimild stefnanda til málsóknar vegna brota á ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 byggist á 3. tölulið 242. gr. þeirra laga. Um varnarþing vísast til 1. mgr. 33. gr., sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi skaðabótaábyrgð er vísað til almennra reglna skaðabótaréttar sem og b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Varðandi ómerkingu ummæla er vísað til 234. gr. og 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Krafa um málskostnað er reist á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. um meðferð einkamála. Vaxtakrafa stefnanda styðst við 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr., laga um vexti og verðtryggingu. Varakrafa stefnanda styðst við 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála.

## **Málsástæður og lagarök stefndu**

### Almennt um tjáningarfrelsi

Stefndu vísa fyrst til þess að löggjafinn og dómstólar hafi játað einstaklingum verulegu frelsi til tjáningar, þar á meðal til almennrar umfjöllunar um menn og málefni. Rétturinn til tjáningar sé varinn af 73. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994. Í síðarnefnda ákvæðinu segi, að réttur til tjáningarfrelsis skuli jafnframt ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Með afskiptum stjórnvalda sé meðal annars átt við hlutverk dómstóla. Þessi réttur sé, samkvæmt fordæmum mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), sérlega ríkur og mikilvægur í lýðræðissamfélagi, þegar rætt er um málefni sem telja megí að eigi erindi við almenning og geti talist innlegg í þjóðfélagssumræðuna.

Réttur til tjáningarfrelsis takmarkist einungis af þeim undantekningum sem séu tilgreindar í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 2. mgr. 10. gr. MSE. Ítrekuð dómafordæmi MDE áskilji að þessar undanþágur frá meginreglunni um tjáningarfrelsi beri að túlka afar þröngt. Tjáningarfrelsi megí einungis takmarka með sannfærandi rökum. Þannig megí, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 62/1994 og fordæmum MDE, einungis takmarka tjáningarfrelsi sé það nauðsynlegt í lýðræðislegu samfélagi (e. *necessary in a democratic society*). Orðið „*nauðsyn*“ í þessu sambandi hafi dómstóllinn túlkað „*knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn*“ (e. *pressing social need*). Hvort slík nauðsyn sé fyrir hendi sé dómstólum í hverju landi látið eftir að meta og við það mat beri þeim að líta til þess hvernig mannréttindadómstóllinn hafi túlkað 10. gr. MSE.

Þegar kröfur stefnanda séu metnar beri að hafa framangreind sjónarmið að leiðarljósi og gæta þess að takmarka ekki tjáningarfrelsi stefndu, nema telja megi það mjög brýnt og nauðsynlegt. Því fari fjarri að með ummælunum hafi verið gengið þannig á réttindi stefnanda að telja megi að stefndu hafi með þeim farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis, svo að nauðsynlegt og réttlæt看legt sé að skerða tjáningarfrelsi þeirra og tjáningarfrelsi almennt, á þann hátt sem stefnandi krefst. Þvert á móti hafi ummælin varðað mál sem sé og hafi verið hluti þjóðfélagsumræðunnar og beri að fara mjög varlega í að hefta umræðu um slík mál.

Kröfu um ómerkingu sé eingöngu beint að stefnda, Breka Karlssyni. Það sé því réttur hans sem einstaklings til tjáningar sem um er að tefla í málinu.

### Krafa um sýknu af ómerkingu ummæla

Að mati stefndu fjalli öll ummælin um það sama. Í þeim komi fram að smálán sem stefnandi hafi veitt íslenskum neytendum hafi Neytendastofa og dómstólar talið ólögmat og að innheimta ólögmatra lána sé óheimil. Þessar fullyrðingar séu allar sannar og réttar. Með vísan til meginreglunnar um refsileysi sannra ummæla (l. exceptio veritatis) beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu um ómerkingu ummæla. Þær ákvarðanir stjórnvalda og dómstóla sem hafi gengið um starfsemi smálánafyrirtækja eins og stefnda á umliðnum árum sanni réttmæti ummælanna:

Ákvörðun Neytendastofu nr. 28/2014, 2. júní 2014, gagnvart Kredia ehf., kt. 610809-0140, og Smálánum ehf., kt. 710112-0290, að fjárhæð samtals 500.000 kr. vegna of hárrar árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Ákvörðunin hafi verið staðfest af áfrýjunarnefnd neytendamála með úrskurði nr. 13/2014. Félagið hafi stefnt Neytendastofu fyrir héraðsdóm þar sem stofan hafi verið sýknuð með dómum nr. E-1934/2015 og E-1935/2015.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 29/2014, 2. júní 2014, gagnvart Neytendalánum ehf. (rekstraraðila Múla, Hraðpeninga og 1909), kt. 570713-0510, að fjárhæð 750.000 kr. vegna of hárrar árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Ákvörðunin hafi verið staðfest af áfrýjunarnefnd neytendamála með úrskurði nr. 14/2014.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2015, 27. janúar 2015, gagnvart Kredia ehf., kt. 610809-0140, og Smálánum ehf., kt. 710112-0290, að fjárhæð 250.000 kr. á dag þar til farið hefði verið að fyrri ákvörðun.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2015, 10. nóvember 2015, gagnvart Neytendalánum ehf., kt. 570713-0510, að fjárhæð 250.000 kr. á dag þar til farið hefði verið að fyrri ákvörðun.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 16/2016, 20. maí 2016, gagnvart Kredia ehf., kt. 610809-0140, að fjárhæð 750.000 kr. vegna of hárrar árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og upplýsinga á stöðluðu eyðublaði og lánsamningi. Ákvörðunin hafi verið staðfest

af áfrýjunarnefnd neytendamála með úrskurði nr. 3/2016.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2016, 20. maí 2016, gagnvart Smálánum ehf., kt. 710112-0290, að fjárhæð 750.000 kr. vegna of hárrar árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og upplýsinga á stöðluðu eyðublaði og lánsamningi. Ákvörðunin hafi verið staðfest af áfrýjunarnefnd neytendamála með úrskurði nr. 3/2016.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 59/2016, 14. nóvember 2016, gagnvart E-content ehf., kt. 511115-2210, að fjárhæð 2.400.000 kr. vegna of hárrar árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og upplýsinga á stöðluðu eyðublaði og lánsamningi. Ákvörðunin hafi verið staðfest af áfrýjunarnefnd neytendamála með úrskurði nr. 7/2016. Fyrirtækin hafi stefnt Neytendastofu fyrir héraðsdóm þar sem hún hafi verið sýknuð með dómi nr. E-2895/2017 og sekt staðfest, sbr. einnig dóm Landsréttar nr. 227/2019.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 26/2017, 12. júlí 2017, gagnvart E-content ehf., kt. 511115-2210, stjórnvaldssekt að fjárhæð 10.000.000 kr. og dagsektir að fjárhæð 500.000 kr. á dag vegna brota á fyrri ákvörðun. Ákvörðunin hafi verið staðfest af áfrýjunarnefnd neytendamála með úrskurði nr. 5/2017.

Ákvörðun Neytendastofu nr. 31/2019, 21. ágúst 2019, gagnvart eCommerce 2020 ApS, Danmörku (stefnanda). Fyrirtækið var talið hafa brotið gegn lögum um neytendalán, nr. 33/2013 með of háum kostnaði af lánum og ófullnægjandi upplýsingagjöf við lántöku. Gert að lagfæra atriðin að viðlögðum dagsektum. Ákvörðunin hafi verið staðfest af áfrýjunarnefnd.

Þessi upptalning sýni að samkvæmt í það minnsta níu ákvörðunum Neytendastofu og þremur dómum hafi starfsemi smálánafyrirtækja falið í sér brot gegn lögum sem varði hagsmuni íslenskra neytenda. Í öllum tilvikum séu brotin alvarleg. Lánveitingar stefnanda hafi þannig verið taldar ólögmetar og það sé innheimta hans á lánum einnig. Eins og áður greini hafi stefnandi keypt kröfusafn smálánafyrirtækisins E-Content og innheimt lán sem Neytendastofa hafi talið ólögmet.

Stefnandi haldi því ranglega fram að hann hafi verið búinn að uppfæra lánsamninga og önnur skjöl vegna lánveitinga þegar ákvörðun Neytendastofu gekk í ágúst 2019. Í ákvörðuninni komi beinlínis fram að svo hafi ekki verið og því hafi verið mælt svo fyrir að úrbætur skyldu gerðar að viðlögðum dagsektum. Þá megi ráða af úrskurðinum að orð stefnanda séu að einhverju leyti lögð til grundvallar því að lánin séu ekki lengur í andstöðu við lög, en ekki hafi verið gengið úr skugga um það.

Þrátt fyrir úrskurð Neytendastofu í ágúst 2019 og þrátt fyrir fullyrðingar stefnanda um lögmæti lánanna nú virðist stefnandi engu að síður hafa talið sér heimilt að krefja neytendur um margfalt hærri kostnað af lánum en leyfilegt sé samkvæmt íslenskum lögum. Á heimasíðu stefnanda eftir úrskurðinn hafi mátt sjá dæmi þess að lán sem fyrirtækið veitti var með 942,62% árlega hlutfallstölu kostnaðar. Samkvæmt íslenskum lögum sé lögmætt hámark rúmlega 50%. Meðal annars af þessari ástæðu

hafi Neytendasamtökin ákveðið að fara fram á lögbann við innheimtu þessara lána.

Hvað sem líði úrbótum stefnanda á nýjum lánsamningum eftir ákvörðun Neytendastofu í ágúst 2019, sem stefndu telja að hafi ekki verið gerðar, hafi stefnandi haldið áfram að innheimta smálánaskuldir samkvæmt eldri lánnum, sem hafi, með fyrrnefndri ákvörðun, verið úrskurðuð ólögmæt, sem og eldri kröfusöfn sem stefnandi keypti af öðru smálánafyrirtæki. Innheimta stefnanda hafi farið fram með aðstoð færsluhirða eins og dönsku fyrirtækjanna sem fengu tölvuskeyti frá stefndu. Með þessum tölvuskeytum hafi athygli þessara fyrirtækja verið vakin á því að lánin hafi verið talin andstæð íslenskum lögum og innheimta þeirra og annarra sambærilegra lána væri ólögmæt.

Íslensk lögmannsstofa, Almenn innheimta ehf., hafi séð um að innheimta þessi ólögmætu smálán hér á landi í þeim tilvikum sem dönsku greiðslumiðlunarfyrirtækjunum hafi ekki tekist að skuldfæra reikninga lántaka beint. Þar eð innheimtustofan sé lögmannsstofa þurfi hún ekki innheimtuleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Innheimtukostnaður sem hafi verið lagður á lánin sé hærri en lög heimila. Lögmannafélag Íslands hafi úrskurðað vorið 2020 að innheimta lánanna bryti gegn innheimtulögum og fleiri laga-fyrirmælum.

Í því skyni að stöðva innheimtuna hafi Neytendasamtökin, eins og áður segi, lagt fram beiðni um lögbann á hana. Héraðsdómur hafi hins vegar hafnað þeirri beiðni í apríl 2020 á þeim grundvelli að Neytendasamtökin hefðu ekki heimild til að gera slíka kröfu fyrir hönd neytenda. Liður í því að reyna að stöðva þessa ólögmætu innheimtu hafi verið að gera greiðslumiðlunarfyrirtækjum viðvart um ólögmæti innheimtunnar.

Ljóst sé að fjölmargir íslenskir neytendur hafi ofgreitt stefnanda og öðrum smálánafyrirtækjum lánsfjárhæðir vegna ólögmæts kostnaðar við lántökuna. Hvorki stefnandi né önnur sambærileg fyrirtæki hafi haft frumkvæði að því að endurgreiða ofteknar greiðslur né orðið við áskorunum þar um. Hin ólögmæta innheimta hafi haldið áfram en stefnandi hafi hætt að veita ný lán.

Með tölvuskeytunum til fyrirtækjanna í Danmörku hafi stefndu ekki aðeins verið að miðla upplýsingum sem voru skoðanir þeirra og afstaða, heldur hafi upplýsingarnar verið sannar og réttar og í samræmi við fyrirliggjandi staðreyndir. Þess vegna sé engin heimild til að dæma ummælin dauð og ómerk. Stefndu hafi haft fulla heimild til þess að senda þessi skeyti og hafi verið rétt að gera það.

Sé efni tölvuskeytanna skoðað nánar sjáist að með þeim sé athygli þessara fyrirtækja vakin á því að fé sé tekið af bankareikningum fólks á Íslandi, að því er virðist til að greiða smálánaskuldir, þótt þau lán hafi verið úrskurðuð ólögmæt, sem og innheimta þeirra. Með ummælunum hafi ekki verið vísað til einhverra ákveðinna lána, hvort þau voru fyrir eða eftir úrskurð Neytendastofu í ágúst 2019, en vísbendingar hafi

verið um að verið væri að skuldfæra eldri ólögmæt lán ekki síður en ný lán. Ummælin hafi þannig meðal annars vísað til þess að verið væri að skuldfæra einhver smálán sem allt eins gætu hafa verið þau lán sem Neytendastofa fjallaði um í úrskurði sínum í ágúst 2019 eða jafnvel öðrum úrskurðum. Enginn vafi leiki á því að sú innheimta sé ólögleg og ummælin því rétt. Með ummælunum hafi einfaldlega verið óskað eftir aðstoð greiðslumiðlunarfyrtækja við að stöðva sannarlega ólögmæta innheimtu. Ekki er deilt um að eina starfsemi stefnanda sé lánastarfsemi.

Eins og fyrr segi séu það ekki aðeins lánveitingarnar sjálfar sem brjóti gegn lögum, heldur einnig innheimta lánanna og skuldfærslur á bankareikninga og kort neytenda. Stefnandi hafi stundað það að skuldfæra háar fjárhæðir af lántakendum sem hann telji að standi ekki í skilum, bæði sé skuldfært af reikningum og kreditkortum sem lántakendur gefi upp og fái lánin greidd inn á. Skuldfærslurnar séu tilviljana-kenndar þ.e. fjárhæðir, sem séu dregnar af fólki, séu ekki umsamdar og hlaupi oft á tugum þúsunda. Í mörgum tilfellum sé verið að skuldfæra vegna ólögmætra lána sem og vanskilakostnað sem lántakendur eigi erfitt með að meta hvort sé réttmætur. Það sé mat stefndu að samningur um þessa skuldfærsluheimild uppfylli ekki skilyrði laga.

Yrði talið að ummælin væru ekki beinlínis sönn og í öllu samræmi við fyrir- liggjandi staðreyndir, byggja stefndu á því að þau hafi að minnsta kosti haft að geyma réttmæta skoðun stefndu og ályktanir þeirra sem þeir hafi mátt draga af staðreyndum. Slíkar skoðanir og ályktanir njóti verndar tjáningarfrelsis 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefndu hafi það hlutverk að gæta hagsmuna neytenda í hvívetna og beri að taka málstað þeirra í öllum málum. Til þess að rækja þetta mikilvæga hlutverk verði stefndi sem talsmaður samtakanna að njóta rúms tjá- ningarfrelsis. Honum sé fullkomlega frjálst að láta í ljós þá skoðun samtakanna að lán stefnanda séu ólögmæt og innheimta þeirra ólögmæt, rétt eins og Neytendasamtökin hafi lýst þeirri skoðun frá því þessi starfsemi hófst. Það hafi þau gert áður en yfirvöld úrskurðuðu lánin ólögmæt. Það sé þýðingarmikið hlutverk stefndu að halda uppi gagn- rýni á starfsemi sem sé ekki aðeins sannarlega ólögmæt, heldur jafnframt siðferðilega óverjandi, eins og starfsemi stefnanda hafi verið talin. Það sé hlutverk þeirra að tala máli íslenskra neytenda og gæta hagsmuna þeirra með gagnrýni á starfsemi sem gangi gegn hagsmunum neytenda.

Umræða um smálánastarfsemi hafi verið hluti þjóðfélagsumræðunnar undan- farin ár og eigi brýnt erindi við almenning. Umræða um slík mál, hvort sem hún sé sett fram opinberlega eða í tölvuskeyti til einstakra aðila, njóti ríkrar verndar tjáningar- frelsis og beri að fara afar varlega í að hefja hana. Afleiðingar af slíku geti verið alvar- legar. Hefðu smálánafyrirtækin höfðað meidýrðamál um leið og Neytendasamtökin hófu að gagnrýna þessi lán þegar þau voru fyrst boðin fyrir nokkrum árum og yfirvöld höfðu ekki haft tók á að meta lögmæti þeirra, hefði slík niðurstaða getað þaggað niður

alla gagnrýni á þessa starfsemi og smálánafyrirtækin getað lánað íslenskum neytendum smálán á ólögætum okurvöxtum. Gagnrýni stefndu á starfsemina nú sé ekki frábrugðin fyrri gagnrýni þeirra. Það sé afstaða þeirra að eldri smálánaveitingar, innheimta lánanna og nýjar lánveitingar hefðu ekki uppfyllt skilyrði íslenskra laga og stöðva þyrfti innheimtuna. Mjög brýnt sé að takmarka ekki möguleika stefndu til þess að halda uppi slíkri gagnrýni. Ummælin hafi verið málefnaleg og ekki gengið lengra en tilefni var til.

Að framangreindu virtu séu engin efni til að fallast á að ómerkja ummæli stefndu um starfsemi stefnanda.

### Nánar um miskabætur

Eins og að framan greini hafni stefndu því að hafa framið ólögmeta meingerð gegn stefnanda með umfjöllun sinni um starfsemi hans, sbr. b-lið 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, enda hafi umfjöllunin hvorki brotið gegn ákvæðum, 234., 235., 236. gr. almennra hegningarlaga, né öðrum lagaákvæðum. Þvert á móti hafi ummælin rúmast vel innan marka þess tjáningarfrelsis sem stefndu sé játað. Stefnandi hafi ekki leitt að því minnstu líkur að ummælin hafi eða muni skaða hagsmuni hans á einhvern hátt.

Lögaðilar, sem stefnandi sé, hafi ekki verið taldir njóta verndar ákvæðis b-liðar 1. mgr. 26. skaðabótalaga, nr. 50/1993, enda taki ákvæðið beinlínis fram að heimildin til að dæma miskabætur sé bundin við ólögmeta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða *persónu annars manns*. Ekki hafi verið talin þörf á að tryggja lögaðilum sérstaklega slíka vernd. Rök fyrir æruvernd manna verði ekki heimfærð á lögaðila, t.d. á þann hátt að ærumeiðingar gangi nærri persónu þeirra og tilfinningalífi eða andlegu og líkamlegu sjálfræði þeirra. Þá sé harla órökrétt að ætla að lögaðili geti orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni af þeim toga sem miskabótum er ætlað að mæta, t.d. fundið fyrir sársauka, þjáningum eða niðurlægingu.

Lögaðilar hafi vissulega hagsmuni af því að verða ekki fyrir óréttmætu umtali. Hagsmunir þeirra séu fremur viðskiptalegs eðlis og verði betur mætt með bótum vegna fjártjóns. Þeir hagsmunir séu þegar varðir að nokkru leyti bæði samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar og lögum um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum nr. 71/1928, sem veiti þeim færi á bótum vegna fjártjóns að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Á þeim lögum byggji stefnandi þó ekki mál-sókn sína.

Því sé í raun ekki lagaheimild til að fallast á kröfu stefnanda um miskabætur. Ber því að hafna kröfunni um miskabætur.

Stefnandi hafi heldur ekkert gert til að skýra mál sitt eða sýna fram á að umfjöllunin hafi á einhvern átt komið illa við hann. Miskabótakrafa stefnanda sé krafa um greiðslu skaðabóta og hún lúti þeim kröfum sem séu gerðar til slíkra krafna, m.a.

um saknæmi, ólögmæti og sönnun tjóns, meðal annars um ásetning. Stefnandi verði að sanna að hann hafi orðið fyrir miska og í hverju hann er fólgin, sem og að háttsemi stefndu hafi verið saknæm, t.d. að stefndu hafi haft ásetning um að skaða æru stefnanda eða það hafi verið gert af slíku gáleysi að réttlæti það að fallast beri á greiðslu skaðabóta. Stefndu mótmæli öllu slíku og telji engin efni til að fallast á kröfu stefnanda um miskabætur.

#### Nánar um kröfu um kostnað vegna birtingar dóms

Að mati stefndu sé þessi krafa svo óskýr að dómari verði að vísa henni frá dómi af sjálfsdáðum (ex officio). Engin krafa sé um þetta í dómkröfukafla stefnunnar. Í efni stefnunnar sé hins vegar rökstutt að gerð sé krafa um 500.000 kr. til þess að kosta birtingu dóms í málinu og megi ætla að þessi krafa sé hluti af fjárkröfu stefnanda í dómkröfukafla. Þessa framsetningu verður þó að telja í andstöðu við fyrirmæli d-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 sem geri ráð fyrir að sundurgreina einstakar kröfur, þannig að kröfugerð sé skýr og ljós.

Verði talið að þessi kröfugerð uppfylli áskilnað 80. gr. laga nr. 91/1991 krefjist stefndu þess að kröfum stefnanda um birtingu dóms verði hafnað með vísan til framangreindra málsástæðna. Að mati stefndu sæti furðu að stefnandi vilji fá birtan dóm í dagblaði á Íslandi um ummæli sem send voru einkafyrirtæki í Danmörku með tölvuskeyti. Með því reyni hann að vekja athygli almennings á málinu sem sé þversagnarkennt. Réttast og eðlilegast væri að hafna þessari kröfu yrði talin ástæða til að taka dómkröfur stefnanda til greina að einhverju leyti.

#### Um varakröfu stefnanda

Stefnandi krefjist þess til vara að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu vegna þeirra ummæla sem í aðalkröfu er krafist að verði ómerkt. Ekki sé gott að átta sig á því hvort þessi krafa sé gerð til vara verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda um ómerkingu ummæla eða eingöngu til vara verði ekki fallist á kröfu hans um skaðabætur og miskabætur. Ætla verði þó að í henni felist ekki krafa um ómerkingu ummæla. Þessi krafa sé hins vegar svo vanreifuð að á hana sé ekki hægt að fallast með nokkrum hætti og ætti að koma til greina að dómari vísaði henni frá dómi af sjálfsdáðum (ex officio). Stefndu krefjast hins vegar sýknu af kröfunni.

Það sé skilyrði viðurkenningarkröfu, sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að stefnandi geri sennilegt að hann hafi orðið fyrir fjártjóni sem ástæða sé til að viðurkenna. Tjón stefnanda sé óljóst. Viðurkenningarkrafa stefnanda taki tæplega til kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms enda sé ekki krafist ómerkingar ummæla í varakröfunni, heldur aðeins þess að til vara verði viðurkennd skaðabótaskylda stefndu á tjóni stefnanda.

Ekki sé heldur ljóst hvort krafan taki aðeins til kröfu um greiðslu miskabóta. Í það minnsta sé ekki gerð grein fyrir einhverju öðru meintu tjóni í stefnunni sem stefnandi vill fá viðurkennt. Eins og rakið hafi verið telji stefndu útilokað að fallast á kröfu stefnanda um viðurkenningu á miskabótum. Ekki sér gerð grein fyrir nokkru öðru meintu tjóni og því eðlilegast að sýkna af varakröfunni einnig komi til þess að dæma þurfi um hana.

#### Varakrafa stefndu

Til vara krefjast stefndu þess, færi svo ólíklega að ummælin yrðu talin brjóta í bága við lög og talið yrði rétt að fallast á kröfu stefnanda um skaða- og/eða miskabætur eða kröfu um birtingu dóms í málinu, að kröfurnar verði lækkaðar verulega. Umfjöllunin hafi hvorki verið ósanngjörn né villandi. Hún hafi verið í samræmi við staðreyndir og byggst á gögnum. Stefndu hafi mátt reiða sig á áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þar var fjallað um og voru þeim tiltækar. Verði talið tilefni til þess að fallast á kröfu stefnanda að einhverju leyti, sé einungis tilefni til að dæma miskabætur að mjög takmörkuðu leyti.

#### Vextir

Stefndu mótmæla öllum kröfum stefnanda um vexti og dráttarvexti, enda eigi hann ekki kröfu á hendur þeim en auk þess séu þeir vanreifaðir. Verði talin skilyrði til að dæma vexti, krefjast þeir þess til vara að vextir á miskabótakröfu verði einungis miðaðir við dómsuppsögu, en annars frá þingfestingu málsins.

#### Málskostnaður

Stefndu krefjast í öllum tilfellum málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda óskipt skv. 129.-132. gr. laga nr. 91/1991, auk 24% virðisaukaskatts af málflytninguþóknun, sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Þeir telji þetta mál tilefnislaust og það einungis höfðað til að hafa kælingaráhrif (e. chilling effect), þ.e. að kæla niður óþægilega umræðu um starfsemi stefnanda. Í slíkum tilvikum eigi að dæma þeim sem er stefnt málskostnað að skaðlausu. Stefndu telja skilyrði í málinu til þess að dæma álag á málskostnað, sbr. heimild í 1. sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 þar eð málshöfðunin sé án tilefnis og kröfugerðin og staðhæfingar stefnanda rangar og haldlausar.

Stefndu vísa sérstaklega til 73. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.



## Niðurstaða

Þetta mál varðar það hvenær réttur eins til verndar orðspori sínu getur takmarkað tjáningarfrelsi annars. Í málinu er deilt um það hvort ummæli sem stefndi Breki, sem formaður stjórnar Neytendasamtakanna, lét falla í bréfum til samstarfsfyrirtækja stefnanda 6. og 20. ágúst 2020 séu meiðandi fyrir stefnanda og hvort stefndi Breki hafi með ummælunum farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns. Verði hann talinn hafa gert það þannig að ummælin verði ómerkt er ágreiningur um rétt stefnanda til miskabóta úr hendi stefndu, Breka og Neytendasamtakanna, svo og um rétt hans til kostnaðar af birtingu dómsins.

## Lögvarðir hagsmunir

Að sögn stefndu hófst starfsemi smálánafyrirtækja hér á landi árið 2008. Samkvæmt þeim ákvörðunum Neytendastofu sem stefndu vitna til störfuðu á þeim markaði fyrirtækin Kredia ehf., Smálán ehf. og Neytendalán ehf. Það fyrirtæki mun hafa átt „vörumerkin“ Múla, Hraðpeninga og 1909. Árið 2015 eða 2016 mun fyrirtækið E-content hafa eignast félögin Kredia og Smálán svo og „vörumerkin“, Múla, Hraðpeninga og 1909. Samkvæmt því sem var bókað í þingbók þessa máls 22. mars 2021 tók stefnandi yfir smálánakröfusafn félagsins E-content ehf. með kröfukaupasamningi 1. júlí 2018.

Á dómþingi 26. apríl 2021 bókaði lögmaður stefndu þá málsástæðu að stefnandi hefði ekki lengur lögvarða hagsmuni af úrslitum málsins þar eð hann hefði, 13. apríl 2021, framselt félaginu BPO-innheimtu ehf. kröfusafn sitt.

Málið var höfðað með birtingu stefnu 18. september 2020. Við þingfestingu þess 24. september kröfðust stefndu málskostnaðartryggingar úr hendi stefnanda. Fyrir þeirri kröfu færðu þeir þau rök að starfsemi félagsins hefði verið seld öðru félagi, Núnú lánnum ehf. Því til stuðnings voru lögð fram á dómþingi 30. september sl. útprent af heimasíðunum kredia.dk, smalan.dk, mula.dk, hradpeningar.dk, og 1909.dk. Á þeim öllum kom fram að stefnandi, eCommerce 2020 ApS, hefði hætt útlánnum og veitti ekki frekari lán.

Héraðsdómur hafnaði kröfu stefndu um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda þar eð ekki yrði annað séð en að félagið væri í rekstri, ætti töluverðar eignir og væri ekki á vanskilaskrá.

Þegar stefndu lögðu fram greinargerð sína á dómþingi 26. nóvember 2020 var því ekki haldið fram að vísa yrði málinu frá því stefnandi hefði ekki lengur lögvarða hagsmuni af úrslitum þess þar eð hann hefði selt öðru félagi kröfusafn sitt og hefði hætt útlánnum. Sú málsástæða að stefnandi hefði ekki lögvarða hagsmuni af úrslitum málsins þar eð hann veiti ekki og innheimti ekki lengur nein lán, sem ummæli stefnda Breka gætu vísað til, var því of seint fram komin 26. apríl 2021.

Við mat á lögvörðum hagsmunum telur dómurinn einnig verða að líta til þess að þótt stefnandi hafi selt kröfusafn sitt hefur hann ekki hætt starfsemi. Eins og orðstír manna er orðspor fyrirtækja þeim mikilsvert. Það á við hvort heldur er í huga þeirra sem fyrirtækin þjónusta eða þeirra sem veita fyrirtækinu þjónustu. Orðsporið getur ráðið afdrifum fyrirtækja. Dómurinn telur stefnanda því hafa lögvarða hagsmuni af því að láta á það reyna hvort skerða megi tjáningarfrelsi stefnda Breka sem formanns stjórnar Neytendasamtakanna til verndar orðstír stefnanda. Fyrirtæki njóta sömu verndar í þessu efni og fólk samkvæmt 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. Því vernda ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki eingöngu æru og friðhelgi einstaklinga, heldur einnig orðspor félaga og samtaka.

#### Krafa um ómerkingu ummæla, gildisdómur eða staðhæfing um staðreynd

Stefndi Breki sendi 6. ágúst 2020 félaginu Quickpay ApS og 20. ágúst 2020 félaginu Clearhous A/S nánast orðrétt samhljóða bréf. Í þeim eru þau ummæli sem stefnandi krefst að verði dæmd dauð og ómerk:

- a) „Supposedly the withdrawals are to cover payday loan debts, although the loans have been deemed illegal in Iceland.“
- b) „The withdrawals are made on behalf of a company named Ecommerce 2020 aps whose only operation is illegal predatory lending.“
- c) „These loans have been ruled illegal in Iceland by both courts and the Consumer surveillance agency.“
- d) „We understand that these transactions are made available via Quickpay, and therefore The Consumer Association of Iceland seeks your assistance to terminate these illegal transfers.“

Ummælin eru þannig í þeirri þýðingu sem stefnandi leggur fram:

- a) Svo virðist sem úttektirnar séu til þess ætlaðar að greiða skuldir, þrátt fyrir að lánin hafi verið úrskurðuð ólögleg á Íslandi.
- b) Úttektirnar eru framkvæmdar fyrir hönd fyrirtækis sem kallast eCommerce 2020 aps og eina starfsemi þess er ólögleg okurlánastarfsemi.
- c) Þessi lán hafa verið úrskurðuð ólögleg á Íslandi, bæði af dómstólum og Neytendastofu.
- d) Okkur skilst að þessar færslur séu í gegnum Quickpay og því leita Neytendasamtökin eftir aðstoð þinni við að stöðva þessar ólöglegu færslur.

Í a-lið er ekki fullyrt að úttektunum sé ætlað að greiða skuldir. Hins vegar er fullyrt að lánin sem eru grundvöllur skuldanna hafi verið talin eða dæmd ólögleg á Íslandi.

Í b- og c-lið kemur ekkert fram sem skilgreina má sem skoðun bréfitara eða

mat hans.

Í d-lið er útskýrt hvers vegna leitað sé til viðtakanda bréfsins og síðan fullyrt að ólögmætt sé að millifæra greiðslur af kreditkortareikningum lántaka.

Stefndu vísa til þess að tvisvar í textanum sé settur fyrirvari við það sem á eftir kemur og því teljist ummælin gildisdómur stefnda Breka, mat hans og skoðun. Vafinn í textanum varðar hvorki það að lánin hafi verið úrskurðuð ólögmæt hér á landi af þar til bærum yfirvöldum, né að eina starfsemi stefnanda sé okurlánastarfsemi, né að af þeim sökum séu millifærslurnar ólögmætar.

Að mati dómsins staðhæfði stefndi Breki því að eina starfsemi stefnanda væri ólögmæt okurlánastarfsemi, að lánin sem viðtakendur bréfanna innheimtu fyrir hans hönd hefðu verið dæmd ólögmæt bæði af Neytendastofu og dómstólum og að af þeim sökum væri ólögmætt að innheimta þau.

Eins og áður greinir yfirtók stefnandi smálánakröfusafn félagsins E-content ehf. með kröfukaupasamningi 1. júlí 2018. Stefnandi var hættur að veita lán í september 2020 og framseldi félaginu BPO-innheimtu kröfusafn sitt 13. apríl 2021.

Til stuðnings því að lánin sem stefnandi veitti hafi verið úrskurðuð ólögmæt vísa stefndu til níu ákvarðana Neytendastofu. Átta þeirra voru teknar á tímabilinu frá 2. júní 2014 til 12. júlí 2017. Þær vörðuð allar lán sem önnur fyrirtæki en stefnandi veittu. Einungis níunda ákvörðunin var tekin á þeim tíma sem stefnandi veitti svokölluð smálán. Hún var tekin 21. ágúst 2019 í máli nr. 31/2019.

Neytendastofa hóf rannsókn á lánum stefnanda í maí 2019. Í upphafi gerði stofan athugasemdir við að kostnaður af lánum félagsins væri hærri en leyfilegt var samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán. Að auki gerði stofan athugasemdir við að upplýsingagjöf félagsins væri ekki að fullu í samræmi við 4. mgr. 7. gr. laganna um upplýsingar í stöðluðu eyðublaði og 2. mgr. 12. gr. um það sem tilgreina þarf í lánessamningi.

Í ákvörðun Neytendastofu segir að þótt stefnandi hafni því að íslensk lög geti átt við um lánessamninga hans hafi fyrirtækið breytt „viðskiptamódeli“ sínu og lækkað kostnað af lánum þannig að árleg hlutfallstala kostnaðar af þeim sé innan hámarks samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013. Einnig segir að við meðferð málsins hjá Neytendastofu hafi stefnandi lagfært flest það sem stofan hafi gert athugasemdir við í stöðluðu eyðublaði og lánessamningi félagsins, sbr. 4. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 12. gr. laganna.

Í ákvörðuninni var tekið fram að eftir að stefnandi breytti útreikningum sínum gerði Neytendastofa ekki lengur athugasemdir við fjárhæð kostnaðar af lánum stefnanda né útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Í ákvörðunarorði Neytendastofu segir:

„Ecommerce 2020 ApS, Danmörku, braut gegn 26. gr. laga nr. 33/2013, um

neytendalán með innheimtu kostnaðar af neytendalánum sem nam hærri árlegri hlutfallstölu kostnaðar en 50% að viðbættum stýrivöxtum.

Ecommerce 2020 ApS hefur brotið gegn g. og l. liðum 4. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán með ófullnægjandi upplýsingagjöf í stöðluðu eyðublaði.

Ecommerce 2020 ApS hefur brotið gegn d., l., r., t. og v. liðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán með ófullnægjandi upplýsingagjöf í lánsamningi.

Með heimild í 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013, beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Ecommerce 2020 ApS að koma upplýsingum samkvæmt 4. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, í viðunandi horf og tilkynna Neytendastofu þar um. Verði það ekki gert innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli b. og h. liða 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán.“

Samkvæmt orðalagi 1. mgr. ákvörðunarorða Neytendastofu og þess sem segir í ákvörðuninni sjálfri var árleg hlutfallstala kostnaðar í þeim samningum sem stefnandi gerði eftir að hann breytti lánsamningunum sumarið 2019 ekki hærri en 26. gr. heimilur og því brutu samningarnir ekki gegn því ákvæði þegar ákvörðunin var tekin, í ágúst 2019.

Samkvæmt g-lið 4. mgr. 7. gr. skal útskýra á stöðluðu eyðublaði árlega hlutfallstölu kostnaðar með lýsandi dæmi og samkvæmt l-lið sama ákvæðis þarf að tilgreina í eyðublaðinu hundraðshluta dráttarvaxta af láninu.

Samkvæmt d-lið 2. mgr. 12. gr. skal tilgreina í lánsamningi heildarfjárhæð láns og skilyrði fyrir nýtingu þess en samkvæmt l-lið skal tilgreina í samningnum gildandi dráttarvexti og vanskilakostnað. Samkvæmt r-lið skal taka fram hvort heimilt er að endurgreiða lánið fyrir gjalddaga, hvernig það verði gert og hvort það kosti lántakann nokkuð. Taka þarf fram í lánsamningi skv. t-lið ákvæðisins hvort það séu kæruleiðir utan dómstóla og hverjar þær séu, en samkvæmt v-lið skal tilgreina heiti þar til bærri eftirlitsaðila.

Þótt upplýsingar samkvæmt þessum staflíðum vantaði í staðlað eyðublað stefnanda og lánsamninga, og það hafi getað varðað stjórnvaldssekt yrði ekki bætt úr, telur dómurinn að þessi skortur á upplýsingum hefði aldrei leitt til þess að ekki hefði verið talið lögmætt að innheimta bæði höfuðstól lánanna, vexti og kostnað, enda var hann á þessum tíma allur innan hámarks 26. gr. laganna.

Dómurinn fellst á það með stefnanda að íslenskum bönkum hefði ekki verið meinað að innheimta lán þótt sambærilegir ágallar væru á lánaskjölum þeirra. Hinu sama verði því að gegna um stefnanda.

Eftir því sem næst verður komist tók Neytendastofa aldrei ákvörðun og lagði stjórnvaldssektir á stefnanda samkvæmt heimild í b- og h-lið 30. gr. laga nr. 33/2013.

Að mati dómsins voru staðhæfingar í bréfunum 6. og 20. ágúst 2020 því rangar þegar ummælin féllu.

Stefndi, Neytendasamtökin, hefur í það minnsta í tólf ár barist gegn því að smálán séu veitt með vöxtum sem eru hærrí en lög leyfa. Ekki verður annað séð en að stefndi hafi náð því markmiði sínu þegar Neytendastofa tók lán stefnanda til skoðunar vorið 2019 en þeirri skoðun lauk með því að stefnandi breytti samningum lána sem hann ráðgerði að veita í framtíðinni og endurreiknaði útstandandi lán þannig að kostnaður af þeim væri innan hámarks íslenskra laga.

Frá því að stefndi Breki varð formaður Neytendasamtakanna í október 2018 hefur einnig hann verið ötull baráttumaður gegn lánnum sem bera vexti umfram lögboðið hámark. Hann kvaðst einnig hafa barist gegn þeim í sínu fyrra starfi sem forstöðumaður stofnunar um fjármálalæsi.

Af þessum sökum verður að telja að efnislegt inntak ákvörðunar Neytendastofu í máli nr. 31/2019, sem var tekin 21. ágúst sama ár, hafi verið stefnda kunnugt í það minnsta fáum dögum síðar. Stefndi Breki hlaut einnig að vita að aldrei kom til þess að Neytendastofa beitti stefnanda þeim stjórnsluviðurlögum, sem hún hafði boðað, lagfærði stefnandi ekki, innan tveggja vikna, það sem út af stóð.

Hin umdeildu ummæli féllu þegar ár var liðið frá því að stefnandi hafði fært í lögmeitt horf kostnað af lánnum sem hann veitti. Á þessu ári höfðu hvorki stjórnvöld né dómstólar gert frekari athugasemdir við lánin. Áfrýjunarnefnd neytendamála hafði hins vegar staðfest ákvörðun Neytendastofu með úrskurði 29. apríl 2020.

Aftur á móti hafði úrskurðarnefnd lögmannafélagsins 5. maí 2020 áminnt lögmann, sem innheimti lánin, fyrir að taka sér innheimtuþóknun sem væri hærrí en innheimtulög nr. 95/2008 og reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar heimiluðu. Í þeim úrskurði var hins vegar tekið fram að lánin sem lögmaðurinn innheimti og voru tekin árið 2016 og 2017 hefðu verið endurreiknuð vorið eða sumarið 2019 þannig að kostnaður af þeim væri innan marka 26. gr. laga nr. 33/2013.

Staðhæfingin sem stefndi Breki hélt fram um lán stefnanda var ekki rétt og hlaut honum að vera ljóst þegar hann sendi bréfin að næstliðið ár hefðu hvorki stjórnvöld né dómstólar gert frekari athugasemdir við lán stefnanda en Neytendastofa hafði gert í ágúst 2019. Hann gat því ekki verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna þegar hann sendi bréfin.

Tilvísun stefndu til þess að í gegnum tíðina hafi Neytendastofa og dómstólar talið starfsemi smálánafyrirtækja brjóta gegn lögum getur ekki réttlætt orð stefnda Breka í þessum tölvuskeytum enda er stefnandi tilgreindur í þeim en hvorki smálánafyrirtæki almennt né þau fyrirtæki sem komu við sögu Neytendastofu á árum áður.

Í skýrslu stefnda Breka fyrir dómi kom fram að Neytendasamtökunum hefði borist til eyrna að stefnandi hefði verið að innheimta lán, sem E-content ehf. hefði veitt á árum áður, án þess að hafa lækkað kostnað af þeim í samræmi við hámark 26. gr. laga nr. 33/2013. Stefndi Breki sagðist hafa séð slík gögn en þau hafa ekki verið lögð fram. Því verður að telja þá staðhæfingu hans ósannaða.

Sem sönnun fyrir réttmæti ummælanna vísa stefndu til þess að á heimasíðu stefnanda hafi, eftir að ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 31/2019 var birt, sést dæmi þess að lán sem fyrirtækið veitti hafi verið með 942,62% árlega hlutfallstölu kostnaðar. Þessari fullyrðingu til sönnunar hafa stefndu ekki heldur lagt fram nein gögn.

Til þess að færa stoð undir réttmæti ummæla sinna nefna stefndu einnig að þeir telji samning um skuldfærsluheimild af kreditkortum þeirra sem tekið hafi lán hjá stefnanda ekki uppfylla skilyrði laga. Af framlögðum gögnum verður ekki séð að reynt hafi á réttmæti þess samnings, hvorki hjá Neytendastofu né dómstólum. Í bréfunum er ekki heldur vikið að því að stefndu telji samninginn, sem millifærslurnar grundvallast á, ólöglegan.

Stefndu vísa jafnframt til þess að það hafi verið tilgangur ummælanna að koma í veg fyrir að innheimt yrði innheimtuþóknun sem væri hærri en innheimtulög nr. 95/2008 og reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar heimiluðu. Efni bréfanna ber ekki merki um þann tilgang og það fyrirtæki sem innheimti þau er ekki nefnt á nafn. Ekki er heldur vitað til að sú innheimtuþóknun hafi komið til kasta Neytendastofu eða dómstóla þegar ummælin féllu, þótt lögmannafélagið hafi tekið afstöðu til hennar.

Stefndu byggja annars vegar á því að þar eð stefndi Breki hafi látið ummælin falla snúist þetta mál um tjáningarfrelsi hans sem einstaklings. Þeir byggja hins vegar á því að þar eð hann sé talsmaður hagsmunasamtaka neytenda njóti hann og samtökin rýmra tjáningarfrelsis en aðrir. Stefndi ritaði undir bréfin sem formaður Neytendasamtakanna og því verður ekki talið að hann hafi ritað bréfin óháð því hlutverki sínu, þ.e.a.s sem einstaklingurinn Breki.

Ósagt skal látið hvort hagsmunafélög og talsmenn þeirra njóti rýmra tjáningarfrelsis en allur almenningur. Hins vegar hefur verið viðurkennt í fræðum og framkvæmd að vegna tiltekinna umfjöllunarefna sem eigi brýnt erindi við almenning kunnir menn að njóta rýmra tjáningarfrelsis en vegna annarra umfjöllunarefna. Einnig kunnir æruvernd þeirra sem hafi komið sér fram á sviði opinberrar umræðu, eða hafi af öðrum sökum lent á því sviði, að vera skert.

Smálánafyrirtækin voru vissulega þekkt hér á landi. Í þessu máli á það þó ekki við að þeir sem hafa látið á sér bera í opinberri umræðu þurfi að þola um sig harðari ummæli en þeir sem hafa haldið sér til hlés, því ummælin féllu ekki á opinberum vett-

vangi heldur í tölvuskeytum, einkabréfum, til tveggja samstarfsfyrirtækja stefnanda.

Þar eð ummæluum var ekki beint að almenningi verða þau ekki heldur réttlætt með því að þau hafi átt erindi til almennings. Þar fyrir utan telur dómurinn að í lýðfrjálsu samfélagi eigi efnislega röng ummæli aldrei erindi til almennings.

Í málatilbúnaði sínum leggja stefndu mikla áherslu á brýnan tilgang stefnda Neytendasamtakanna í samfélaginu, sem málsvara neytenda, sverð þeirra og skjöld, svo og þýðingarmikið hlutverk stefnda Breka sem talsmanns samtakanna.

Þegar fyrir lá að öll ný lán stefnanda voru innan marka 26. gr. laga nr. 33/2013 og ógreidd eldri lán höfðu verið endurreiknuð þannig að kostnaður af þeim félli innan heimildar ákvæðisins var fullkomnuð sú ætlun Neytendasamtakanna að vernda neytendur, sem höfðu tekið þessi lán eða myndu taka þau, gegn ólögmætum kostnaði af lánunum. Þegar ár var liðið frá því að ætlunarverkið var fullkomnað og ekki lengur til innheimtu nein lán sem báru hærri kostnað en 26. gr. heimilaði gat tilgangur ummæla um ólögmæti lánanna ekki verið sá að vernda neytendur. Hlutverk Neytendasamtakanna gat því, þegar þarna var komið sögu, ekki heldur réttlætt ummælin.

Eins og áður segir verður ekki annað séð en að stefnandi hafi næstliðið ár, áður en ummæli stefnda Breka féllu, haldið kostnaði af lánum sínum innan marka 26. gr. laga nr. 33/2013. Ekki verður heldur talið að þær upplýsingar sem enn vantaði í láns-samninga stefnanda hafi gert lán hans hreint og beint ólögmæt. Í það minnsta lagði Neytendastofa ekki á hann þær sektir sem hún hafði boðað. Hann hafði því fært viðskipti sín í rétt horf að kröfu stefndu, Neytendasamtakanna, sem og Neytendastofu, og haldið þeim þannig í eitt ár. Í því ljósi þykir ekki gengið of langt í því að takmarka tjáningarfrelsi stefnda Breka með því að dæma tiltekin ummæli, sem hann lét falla, dauð og ómerk.

Stefnandi telur ummæli stefnda vega að orðspori sínu og hann telur þau falla undir 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga.

Af þeim setningum sem stefnandi tilgreinir í kröfu sinnir telur dómurinn ekki þörf á að ómerkja sérhvert orð sem í þeim stendur heldur einvörðungu ósannaðar staðhæfingar. Í staflíð a er ósönnuð sú fullyrðing að lánin sem viðtakendur bréfanna innheimtu hefðu verið dæmd ólögmæt hér á landi. Því eru ómerkt orðin: „the loans have been deemed illegal in Iceland.“

Í staflíð b er ósannað að eina starfsemi stefnanda sé ólögmæt okurlánastarfsemi og því eru ómerkt orðin: „whose only operation is illegal predatory lending.“

Í staflíð c er ósannað eins og í staflíð a að lánin, sem viðtakendur bréfanna aðstoðuðu stefnanda við að innheimta, hafi verið dæmd ólögmæt hér á landi og því verður setningin í heild ómerkt: „These loans have been ruled illegal in Iceland by both courts and the Consumer surveillance agency.“

Í staflíð d er ósannað að ólögsmætt sé að innheimta lán stefnanda með því að draga greiðslur af kreditkortareikningum lántaka. Því verða ómerkt orðin „illegal transfers“.

Dómurinn telur að í ummælum stefnda Breka felist sú aðdróttun að lán stefnanda hafi verið dæmd ólögsmæt bæði af stjórnvöldum og dómstólum og óheimilt sé að innheimta þau af þeim sökum. Að mati dómsins er þessi aðdróttun virðingu stefnanda til hnekkis, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn telur einnig að stefndi Breki hafi með ummælunum borið út þá aðdróttun gegn betri vitund sinni um að öll lán stefnanda hefðu verið endurreiknuð vorið og sumarið 2019, þ.e. eigi síðar en ári áður en ummælin féllu, sbr. 236. gr. almennra hegningarlaga.

Því verði að ómerkja þau með heimild í 241. gr. almennra hegningarlaga.

### Bótakrafa stefnanda

Í dómkröfu hefur stefnandi lagt saman fjárhæð, annars vegar þeirra miskabóta sem hann krefst og hins vegar fjárhæð kostnaðar af birtingu. Að mati stefndu ber að vísa þeirri kröfu sjálfkrafa frá dómi.

Í fræðum og framkvæmd hefur verið viðurkennt að stefnanda sé heimilt að leggja saman fjárhæð krafna um greiðslu fjár þótt kröfurnar sjálfar séu af ólíkum rótum runnar, svo framarlega sem stefnandi geri nægjanlega grein fyrir málsástæðum að baki sérhverri undirtegund fjárkröfu sinnar.

Stefnandi gerir eina fjárkröfu en í stefnu útskýrir hann að hluti þeirrar fjárhæðar sé krafa um miskabætur og hluti krafna um kostnað af birtingu dóms. Að mati dómsins gerir hann nægilega skýra grein fyrir hvorri tegund fjárkröfu sinnar um sig. Dómurinn telur því ekki tilefni til þess að vísa fjárkröfu stefnanda frá dómi.

### Miskabætur

Dómurinn hefur fallist á að ómerkja ummæli stefnda Breka í garð stefnanda, með því að væna hann um ólögsmætar gjörðir sem sönnur hafa ekki verið færðar á. Dómurinn fellst á það að ummæli stefnda Breka kunni að skilja eftir sig ör á orðspori stefnanda. Orðspor fyrirtækja er þeim mikilsvert eins og góður orðstír er sérhverjum manni. Fyrirtæki hafa hins vegar ekki sálarlíf og tilfinningar. Því fellst dómurinn ekki á að þótt orðspor fyrirtækis sé rýrt með ummælum geti það valdið því sársauka og þjáningum, þ.e.a.s. miska. Að auki verður ekki annað séð af orðum 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en að ákvæðið taki einvörðungu til fólks en ekki félaga. Einnig má líta til þess að í lögum nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum er eingöngu gert ráð fyrir því að félög og fyrirtæki geti fengið bætt fjárhagslegt tjón sem þau geta fært sönnur á að þeim hafi verið bakað með ummælunum áður en þau hófu málsóknina. Því verða stefndu, Breki og Neytendasam-



tökin, sýknaðir af kröfu stefnanda um miskabætur.

#### Kostnaður af birtingu

Í samræmi við fyriræli dómstólasýslunnar verður dómurinn birtur á vefsíðu dómstólanna. Það er alkunna að blaðamenn leita þar fanga. Birting dómsniðurstöðu um ómerkingu ummæla í fjölmiðli er ekki eins áriðandi nú eins hún kann að hafa verið þegar dómur voru gefnir út í bók og birtust mörgum árum eftir að þeir voru kveðnir upp. Af þeim sökum verða stefndu, Breki og Neytendasamtökin, sýknaðir af kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar af birtingu dómsins.

#### Varakrafa stefnanda

Stefnandi hefur ekki fært neinar sönnur á fjártjón til stuðnings varakröfu sinni. Því verður að sýkna stefndu af þeirri kröfu.

#### Málskostnaður

Stefnandi hefur fengið kröfum sínum framgengt að hluta til. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir því rétt að hver málsaðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

### **D Ó M S O R Ð**

Eftirfarandi ummæli stefnda, Breka Karlssonar, í garð stefnanda, eCommerce 2020 ApS, sem féllu í tölvuskeytum hans til Quickpay ApS, 6. ágúst 2020 og Clearhaus A/S, 20. ágúst 2020, skulu vera dauð og ómerk:

- a) „the loans have been deemed illegal in Iceland.“
- b) „whose only operation is illegal predatory lending.“
- c) „These loans have been ruled illegal in Iceland by both courts and the Consumer surveillance agency.“
- d) „illegal transfers.“

Stefndu, Breki Karlsson og Neytendasamtökin, eru sýkn af fjárkröfum stefnanda annars vegar um greiðslu miskabóta og hins vegar um kostnað af birtingu dóms.

Stefndu eru einnig sýknir af varakröfu stefnanda um viðurkenningu á óskiptri skaðabótaskyldu þeirra.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Ingiríður Lúðvíksdóttir